



FJÁRMÁLA- OG  
EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

# Ferðapjónustan

## Undirstöðuatvinnugrein í almennt VSK-prep

Enda orðin ein stærsta og mikilvægasta atvinnugrein landsins



# Samantekt

Ferðapjónustan var lengi lítil atvinnugrein í hægum vexti og naut sem slík skattalegra ívilnana

Gífurlegur vöxtur á undanförnum árum hefur gert að verkum að árið 2016 var ferðapjónustan orðin undirstöðugrein sem aflaði stærsta hluta gjaldeyristekna þjóðarinnar

Í ár er búist við að ferðamönnum fjölgi um u.þ.b. 500 þúsund á milli ára eða í 2,2-2,3 milljónir

Skattalegar ívilnanir eiga því ekki rétt á sér lengur

Afnám þessara ívilnana eykur kostnað erlendra ferðamanna við Íslandsferð aðeins um fáein prósent og er ekki líklegt til að hafa veruleg áhrif á fjölda þeirra

Ferðapjónustugreinarnar sem ívilnanirnar eiga við um skila aðeins 3% af VSK-tekjum ríkisins


Afnám þessara ívilnana gerir kleift að lækka almenna VSK-þrepið öllum til hagsbóta






# Vöxtur ferðapjónustunnar

## Fjöldi erlendra ferðamanna




Heimild: Ferðamálastofa & Íslandsbanki

## Fjöldi starfsmanna í ferðapjónustutengdri starfsemi



Heimild: Hagstofa Íslands

## Hlutdeild í útflutningi 2016



Heimild: Hagstofa Íslands






# Ferðapjónustan er stærri hér en víðast annars staðar

Ísland sker sig úr á helstu samkeppnismörkuðum hvað varðar vægi ferðapjónustu í efnahagslífinu

Skattívilnanir til ferðapjónustu eru því mun kostnaðarsamari á Íslandi en annars staðar


Þótt ívilnanir til ferðapjónustu tíðkist víða er hún í almennum VSK-þrepi í Danmörku og Bretlandi

Ferðapjónusta sem hlutfall af VLF



Heimild: Alþjóðlega ferðamálaráðið (WTTC)

Hlutfall virðisaukaskatts á hótulgistingu



Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneytið, Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, PwC & Fjármálaráðuneyti Ontario





# Almenna þrepið lækkar á móti<sup>1</sup>



Ferðapjónustutengd starfsemi færir í almennt þrep

1. júlí 2018



Almenna þrepið lækkar úr 24% í 22,5%

1. janúar 2019

<sup>1</sup>Herða þarf allt eftirlit þ.m.t. skatteftirlit





# Hvað færast í almennt þrep?



## Gistipjónusta

Útleiga gistirýma og tjaldstæða (veitingahús verða áfram í neðra þrepi til samræmis við matvæli)



## Fólksflutningar í afþreyingarskyni

Rútuferðir, snjósleða-, fjórhjóra-, hesta-, hvalaskoðunar- og útsýnisferðir (þó ekki almenningssamgöngur og akstur leigubifreiða)



## Þjónusta ferðaskrifstofa, ferðaskipuleggjenda og ferðafélaga



## Ferðaleiðsögn



## Baðaðstaða og heilsulindir

Aðgangseyrir að baðhúsum og heilsulindum (þó ekki aðgangseyrir að sundlaugum og líkamsræktarstöðvum)






# Viðkomandi greinar vega ekki þungt í VSK-tekjum í dag

Sú starfsemi sem breytingin nær til skilaði nettó rúmlega 5 milljörðum í VSK árið 2016

Það voru um 3% af heildartekjum ríkissjóðs af virðisaukaskatti


Áætlað er að nettó skil á árinu 2018 aukist um tæplega 9 milljarða vegna tilfærslu ferðaþjónustu milli VSK-þrepa og um 16 milljarða árið 2019, að teknu tilliti til lækkunar almenna þrepsins

Þróun nettó VSK, inn- og útskatts í milljörðum króna



Heimild: Hagstofa Íslands & Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Heildartekjur ríkissjóðs af virðisaukaskatti í milljörðum króna 2016



Heimild: Hagstofa Íslands & Fjármála- og efnahagsráðuneytið





# Áætluð áhrif á verðlag og umsvif ferðapjónustu

Verði allri breytingunni velt út í verðlag hefur hún fremur takmörkuð verðlagsáhrif

- U.þ.b. 4% hækkun á heildarkostnaði ferðamanna af dæmigerðri Íslandsferð (m.v. óbreytta neyslu)
  - Áætluð meðalneysla erlendra ferðamanna á Íslandi árið 2015 var um 204 þúsund<sup>1</sup>
- 0,06% hækkun á vísitölu neysluverðs m.v. 22,5% (þegar eingöngu er horft á neyslu á þeirri vöru og þjónustu sem breytingin hefur áhrif á)
- Umsvif í ferðapjónustu yrðu líklega um það bil 1-2% minni en þau hefðu annars orðið
- Áhrif á gjaldeyristekjur og gengi krónunnar, að því marki sem áhrif koma fram í gengi til að veða á móti styrkingu krónunnar, eru talin minniháttar

*Sjá ítarefni um forsendur fyrir ofangreindu mati*

<sup>1</sup> Heimild: Hagstofa Íslands & Ferðamálastofa







# Samhliða verður auknu fé varið í þágu greinarinnar

- **Framkvæmdasjóður ferðamannastaða** eflist úr 610 mkr 2017 í 800 mkr 2018
- **Aukin innviðauppbygging á vegum Umhverfissráðuneytisins**
  - Landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum
- **Aukið fé til annarra mikilvægra mála**
  - Stjórnsýsla / Upplýsingaveitur / Stefnumótun landshlutanna / Öryggismál / Markaðsstofur / Hæfnisetur ferðaþjónustunnar
  - Fjármunir til þessara og skyldra verkefna ráðuneytis ferðamála hækka úr 461 mkr 2017 í 834 2018
- **Landvarsla** verður eflid í þágu stýringar og náttúruverndar
- **Löggæsla og samgöngur** taka í auknum mæli mið af fjölgun ferðamanna
  - Af auknu fjármagni til löggæslu 2017 verður **184 mkr** varið í fjölgun lögreglumanna á Suðurlandi og Norðausturlandi vegna aukins umferðareftirlit og hálendisvaktar auk annarra verkefna
  - Nýsamþykkt **1.200 mkr** aukaframlag til samgöngumála á þessu ári fer að stórum hluta í leiðir sem tengjast vinsælum ferðamannastöðum, svo sem: Dettifossveg (200 mkr), Kjósarskarð (150 mkr) og Uxarhryggjaveg (125 mkr)





# Í stuttu máli

Rök fyrir ívilnunum eiga ekki lengur við<sup>1</sup>

Afnám þeirra gerir kleift að lækka almenna þrepið, öllum til hagsbóta

Atvinnugreinarnar sem breytingin hefur áhrif á skila í dag um 3% af öllum virðisaukaskatti

Aðgerðin hefur líklega óveruleg áhrif á fjölgun ferðamanna

Nettó tekjuáhrif af tilfærslu ferðaþjónustu úr neðra þrepi í almennt þrep eru um 16 milljarðar að teknu tilliti til lækkunar almenna þrepsins

Verðlagsáhrif af tilfærslu ferðaþjónustu milli þrepa eru talin vera 0,06% til hækkunar á vísitölu neysluverðs

Verðlagsáhrif af lækkun almenna þrepsins úr 24% í 22,5% eru talin vera 0,47% til lækkunar á vísitölu neysluverðs

<sup>1</sup> Ívilnanir á vörugjöldum við innflutning bílaleigubíla falla einnig niður næstu áramót






# Ítarefni





# Ísland verður með lægsta almenna þrep virðisaukaskatts á Norðurlöndunum

Virðisaukaskattur á Norðurlöndunum



Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneytið, Framkvæmdarstjórn Evrópusambandsins & PwC





# Hverjir njóta skattastyrkja í formi lægra VSK-preps?

Greining á skattastyrkjum byggist á viðurkenndri alþjóðlegri aðferðafræði

Skattastyrkir eru hvers kyns frávik frá grunngerð skattkerfisins

Stærstur hluti skattastyrkja er í formi lægra VSK hlutfalls

Skattlagning í neðra þrepi virðisaukaskatts jafngildir sérstökum stuðningi við viðkomandi starfsemi, t.d. vegna almannahagsmuna og menningarlegra ástæðna

Þjónusta og vara sem nú er í neðra þrepi (11%) virðisaukaskatts

## Almannahagsmunir:

matvara  
húshitun  
vegatollar  
smokkar  
bleiur

## Menning:

bækur  
blöð  
tímarit  
afnotagjald útvarps  
afnotagjald sjónvarps  
geisladiskar  
hljómplötur

## Ferðapjónusta:

fólksflutningar  
gistipjónusta  
þjónusta ferðaskrifstofa  
ferðaleiðsögn  
aðgangseyrir að baðstöðum

## Skattframkvæmd:

áfengi\*

*\* til að auðvelda skatteftirlit með veitingastarfsemi*





# Áhrif á verðlag

Verði breytingunni velt að fullu út í verðlagið þá hækkar verð á gistingu, farþegaflutningum, ferðaskrifstofum og baðstöðum um 10,4%


Þjónustan sem um ræðir vóg um 39% af heildarneyslu erlendra ferðamanna á Íslandi árið 2015

Því má ætla að breytingin hækki heildarkostnað dæmigerðs ferðamanns í kringum 4%, að öllu öðru óbreyttu

Áhrif á vísitölu neysliverðs verða aðeins um 0,06% til hækkunar

Áhrif af lækkun VSK úr 24% niður í 22,5% hefur áhrif á vísitölu neysliverðs sem nemur 0,47%

Skipting á neyslu erlendra ferðamanna á Íslandi eftir atvinnugreinum 2015



Heimild: Hagstofa Íslands





# Áætluð áhrif: Forsendur og sviðsmyndir

## Forsendur

Í öllum útreikningum er miðað við að almenna þrepið sé 22,5%

Fyrir erlenda ferðamenn skiptir litlu máli hvort verð hækkar í krónum eða gengi krónunnar styrkist – í báðum tilfellum hækkar verð á ferðaþjónustu

AGS: 1% hækkun raungengis -> 0,2% fækkun ferðamanna og 0,4% fækkun gistingu miðað við það sem annars hefði orðið

Hagfræðistofnun: 1% hækkun raungengis -> 0,18% fækkun ferðamanna

Aðrar rannsóknir: verðteygni eftirspurnar ferðamanna á bilinu -0,2 til -0,5

Vegna gagnatakmarkana er vöxtur í fjölda ferðamanna notaður sem vísbending um vöxt heildarumfangs ferðaþjónustu

Við þá útreikninga sem á eftir fara er stuðst við þrjá teygnistuðla (-0,2, -0,4 og -0,5). Ætla má að minnsta teygnin gefi ágæta mynd af áhrifum á komur erlenda ferðamanna til landsins en hinir tveir gefi betri mynd af áhrifum á neyslu ferðamanna þegar til landsins er komið

## Sviðsmyndir

- **A:** Sýnir vöxt umsvifa ferðaþjónustunnar miðað við þann vöxt sem hefði orðið ef engar breytingar ættu sér stað
- **B:** Ef ekki hefði komið til breytinganna hefði vöxtur umsvifa ferðaþjónustunnar verið jafn meðalvexti í fjölda ferðamanna frá árinu 1980, þ.e. 7,7%
- **C:** Ef ekki hefði komið til breytinganna hefði vöxtur umsvifa ferðaþjónustunnar verið jafn meðalvexti í fjölda ferðamanna síðustu 5 ár, þ.e. 26,0%





# Hver eru líkleg áhrif á eftirspurn ferðamanna?

Verðteygni eftirspurnar = -0,2

- **Sviðsmynd A:** Umsvif ferðapjónustu dragast saman um u.þ.b. 0,9% m.v. það sem annars hefði orðið
- **Sviðsmynd B:** Umsvif í ferðapjónustu aukast um 6,7% í stað 7,7%
- **Sviðsmynd C:** Umsvif í ferðapjónustu aukast um 24,8% í stað 26,0%.


Verðteygni eftirspurnar = -0,4

- **Sviðsmynd A:** Umsvif ferðapjónustu dragast saman um u.þ.b. 1,8% m.v. það sem annars hefði orðið
- **Sviðsmynd B:** Umsvif í ferðapjónustu aukast um u.þ.b. 5,8% í stað 7,7%
- **Sviðsmynd C:** Umsvif í ferðapjónustu aukast um u.þ.b. 23,7% í stað 26,0%.

Verðteygni eftirspurnar = -0,5

- **Sviðsmynd A:** Umsvif ferðapjónustu dragast saman um u.þ.b. 2,2% m.v. það sem annars hefði orðið
- **Sviðsmynd B:** Umsvif í ferðapjónustu aukast um u.þ.b. 5,3% í stað 7,7%
- **Sviðsmynd C:** Umsvif í ferðapjónustu aukast um u.þ.b. 23,1% í stað 26,0%.

Vöxtur í ferðapjónustu eftir breytingu







# Hver eru líkleg áhrif á gjaldeyrstekjur og gengi?

Gjaldeyrstekjur ferðapjónustu námu 466 mö.kr. árið 2016

Miðað við verðteygni eftirspurnar upp á -0,4 til -0,5 má ætla að gjaldeyrstekjur vegna ferðapjónustu hefðu verið u.þ.b. 8,3-10,4 mö.kr. minni

Það samsvarar 0,7-1,0% af öllum útflutningi og 1,8-2,2% af gjaldeyriskaupum Seðlabankans árið 2016

Miðað við þetta verður að telja líklegt að áhrif aðgerðarinnar á gengi íslensku krónunnar séu smávægileg

Hafa ber einnig í huga að aðrar atvinnugreinar munu taka til sín hluta af því fjármagni og vinnuafli sem ella færu áfram til ferðapjónustu

Líklegt er að hluti þeirra atvinnugreina séu útflutningsgreinar sem þá skapa auknar gjaldeyrstekjur. Því má líta á áhrifamatið hér að ofan sem e.k. efri mörk






# Líkur á áframhaldandi fjölgun ferðamanna

Í löndum þar sem fjöldi erlendra ferðamanna hefur aukist hratt (> 200% á 5 árum, m.v. 217% á Íslandi) helst vöxturinn yfirleitt áfram sterkur (100 – 200% næstu 5 ár) í samanburði við önnur lönd - þótt það hægist eitthvað á vextinum

Í löndum þar sem raungengi hefur styrkst mikið (>20% á tveimur árum, svipað og á Íslandi) jókst fjöldi ferðamanna að jafnaði um 20% næstu tvö árin eftir samanborið við 35% tvö ár á undan.<sup>1</sup>



Heimild: Vísbending 21. febrúar 2017 og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn

<sup>1</sup> Heimild: Vísbending 21. febrúar 2017 og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn

